

Þvaglekamóttaka á göngudeild þvagfæra

Á þvaglekamóttöku göngudeildar þvagfæra er veitt þjónusta vegna þvagleka. Læknir sendir tilvísun á deildina og hjúkrunarfræðingur þar veitir fræðslu, ráðgjöf og meðferð. Rannsóknin tekur um klukkustund.

Undirbúningur

- Fylla þarf út spurningalista og vökva- og þvaglátaskrá og senda listana á göngudeild þvagfæra 11A í pósti eða rafrænt.
- Skrá þarf vökvainntekt og þvagmagn í tvo sólarhringa. Mikilvægt er að skráningin fari fram allan sólarhringinn þessa tvo daga. Mæla þarf þvagmagnið í millilítrum með mælikönnu því nákvæm skráning er mikilvæg svo unnt sé að greina vandamálið.
- Þegar gögnin hafa borist deildinni verður haft samband símleiðis og tími gefinn hjá hjúkrunarfræðingi.
- Ekki er hægt að gera rannsóknina á meðan á blæðingum stendur eða ef þvagfærasýking er til staðar. Ef grunur er um þvagfærasýkingu þarf að fara með þvagsýni á heilsugæslustöð, helst um 10 dögum fyrir meðferð. Ef þvagfærasýking greinist þarf meðferð með sýklalyfjagjöf að vera lokið eða hafin að minnsta kosti þremur dögum fyrir meðferð. Hafa þarf samband við deildina ef þörf er á að breyta tímabókun.

Meðferð

Við komu á deildina þarf að **vera mál að pissa** til að hægt sé að mæla þvagflæði og meta hversu vel þvagblaðran tæmir sig.

- Pissað er í sérstakt salerni sem mælir flæði þvags.
- Þvagblaðran er ómuð og þannig sést hve vel þvagblaðran tæmir sig.
- Einnota þvagleggur er settur upp í þvagblöðru, saltvatn sett í blöðru og þvagleggur síðan fjarlægður.
- Þvaglekabindi er sett í buxur og gerðar nokkrar æfingar til að meta umfang þvagleka. Bindi er vigtað fyrir og eftir æfingarnar. Styrkur grindarbotnsvöðva er metinn með því að þreifa um leggöng.
- Pissað er aftur í salerni með þvagflæðimæli.

Eftir rannsókn

Hjúkrunarfræðingur fer yfir niðurstöður mælinga og veitir ráðleggingar og fræðslu fyrir útskrift.

Kostnaður

Greiða þarf komugjald. Ef gerðar eru frekari rannsóknir getur bæst við kostnaður vegna þeirra. Verð er samkvæmt gjaldskrá Landspítala.

Símanúmer

Göngudeild þvagfæra 11A á 1. hæð Landspítala við Hringbraut, opin virka daga kl. 8:00-16:00

543 7100